

## AUGLÝSING

### um breytingu deiliskipulags á Höfða í Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 20. maí 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingar-nefndar að breytingu deiliskipulags athafnasvæðis A2 á Höfða á Húsavík. Áður gildandi deiliskipulag svæðisins var samþykkt í bæjarstjórn Húsavíkur 21. desember 1999 og taldist þá svæðið iðnaðarsvæði. Breyting skipulagsins felst í samræmingu við nýlega samþykktu breytingu aðal-skipulags Norðurþings vegna vegtengingar frá Húsavíkurhöfn að iðnaðarsvæði á Bakka. Athafna-svæðið skerðist vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar um Húsavíkurhöfða. Breytingin kemur fram í skerðingu tveggja lóða, Höfða 8 og Höfða 10, auk skerðingar grænna svæða. Óbyggðu lóðirnar að Höfða 6 og 8 eru sameinaðar í eina, Höfða 6-8, og jafnframt gert ráð fyrir að sú lóð verði tímabundið nýtt undir vinnubúðir vegna framkvæmda. Skipulagsbreytingin ásamt greinargerð er sett fram á einu blaði í stærð A1.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Húsavík, 24. júní 2014.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2014